

Húsnæðissparnaður

Stofnun reiknings

Reikningurinn er stofnaður í [útibúi Íslandsbanka](#) eða [netbanka Íslandsbanka](#). Einstaklingar á aldrinum 15-35 ára geta stofnað reikninginn. Aðeins er hægt að stofna einn reikning á hvern einstakling.

Innborganir

Reikningurinn er opinn fyrir innborgunum til 38 ára aldurs reikningseiganda og ekkert lágmark er á þeim.

Bindítími

Innstæða á reikningnum er bundin í 17 mánuði frá fyrsta innleggi. Eftir þann tíma er innstæða á reikningnum ávallt bundin þangað til beiðni um úttekt hefur farið fram en millifærslan framkvæmist 31 degi síðar. Bindítími er því að lágmarki 17 mánuðir og 31 dagur.

Útborganir

Útborgun fer fram með millifærslu sem framkvæmist 31 degi síðar. Útborgun af reikningnum getur aðeins farið fram með millifærslu á annan reikning í eigu reikningseiganda hjá Íslandsbanka. Öll innstæðan er færð í einu þar sem reikningurinn er eyðilagður við úttekt.

Útborgun getur farið fram á hvaða afgreiðslustað bankans sem er, sé öðrum skilyrðum til úttektar fullnægt og fullgildum persónuskilríkjum framvísað eða vottuðu umboði reikningseiganda til úttektar. Umboðshafi skal sanna á sér deili með sama hætti og reikningseigandi og afhenda afrit umboðs til varðveislu í útibúi.

Vaxtatímabil

Vaxtatímabilið er frá 1. janúar til 31. desember ár hvert. Vextir eru færðir á höfuðstól við lok hvers árs.

Þóknanir og skattar

Bankinn innheimtir engin þjónustugjöld, innlausnargjöld eða þóknanir. Fjármagnstekjuskattur dregst frá vaxtagreiðslum hverju sinni.

Kjör og skilmálar

Reikningurinn er óverðtryggður innlánsreikningur með breytilegum vöxtum. Skilmálar þessir og kjör reikningsins eru háð ákvörðun bankans hverju sinni. Upplýsingar um kjör reikningsins er að finna í [vaxtatöflu bankans](#). Kjör haldast óbreytt eftir að beiðni um úttekt hefur verið skráð. Kjör eru ekki háð því að reikningshafi hefji önnur viðskipti eða haldi þeim áfram sem fyrir voru. Ef reikningseigandi bjóðast sérstök kjör við töku húsnæðislána hjá bankanum, eru þau óendurkræf þó reikningseigandi eyðileggi reikning eða hætti í öðrum viðskiptum. Að öðru leyti gilda almennir [skilmálar innlánsreikninga](#).

Annað

Um stofnun reiknings og meðferð gilda m.a. auk framanritaðs lög og reglur um aðgerðir gegn peningþvætti, lögræðislög og önnur ákvæði laga um meðferð fjármuna lögaðila eins og við á hverju sinni.